



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 24. mars 2017 kl. 16:30.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Laugarfell. Starfsmannahús.

Oddviti Fljótsdalshrepps sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gámahúsi sem Highland Hostel fékk stöðuleyfi fyrir sbr fundargerð frá 10. júlí 2015. Fljótsdalshreppur hefur nú keypt húsið og fyrirhugað er að setja þak yfir gámaeiningarnar og byggja við þær forstofu. Lagðar fram teikningar frá VERKÍS ásamt skráningartöflu. Byggingar- og skipulagsnefnd veitir umbeðið byggingarleyfi.

Unnið er að frágangi lóðarleigusamnings fyrir byggingar á Laugarfellssvæðinu og að honum frágengnum verður gerlegt að skrá eignir þar í þjóðskrá.

2. Hrafnkelsstaðir. Frístundahús.

Hjörtur E Kjerúlf sækir um leyfi til að reisa tvö frístundahús norðan við íbúðarhúsið á Hrafnkelsstöðum. Húsin eru svokölluð Völundarhús 26,2 m² ásamt 9 m² verönd, húsin eru óeinangruð bjálkahús. Meðfylgjandi eru teikningar frá seljanda ásamt afstöðumynd og skráningartöflu. Byggingar- og skipulagsnefnd veitir umbeðið byggingarleyfi.

3. Óbyggðasafn á Egilsstöðum. Starfsmannahús.

Stöðuleyfi var upphaflega veitt fyrir þremur Moelven vinnubúðaeiningum sem ætlaðar voru til geymslu á búnaði safnsins sbr. fundargerð frá 13. apríl 2015. Síðan voru einingarnar klæddar að utan og sett á þær þak og þjóna nú hlutverki starfsmannahúss við Óbyggðasafnið. Ljóst er þessi bygging er komin til að vera. Byggingarfulltrúi hefur útbúið gögn til skráningar í þjóðskrá um húsið með grunn- og útlitmyndum, afstöðumynd og skráningartöflu. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að koma starfsmannahúsinu í viðeigandi skráningu í þjóðskrá.

4. Droplaugarstaðir. Afskráning eigna úr þjóðskrá.

Lárus óskar eftir afskráningu á eignum úr fasteignaskrá, sem hafa verið fjarlægðar af yfirborði jarðar. Um er að ræða fjós nr. 030101 65 m² frá 1955 og fjárhús nr. 040101 97 m² frá 1963. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að sjá til þess að eignirnar verði afskráðar úr fasteignaskrá.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:40

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson